

3. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 10.mars 2021 kl. 14:00 var haldinn sem fjarfundur vegna óhagstæðra veðurskilyrða.

Mætt voru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins;

1. Finnbogastaðaskóli – staðan á verksamningi. Ákveða hvort haldið skal áfram með ýmislegt fleira. Einnig taka afstöðu til þess hvort nota skal skólann fyrir gistipjónustu. Bílskúr við skólann, kaup á rúllugardínur fyrir svefnherbergisglugga.
- 2.Sauðnaut...Tölvupóstur.
- 3.Umhverfisstofnun skýrsla um neyðaráætlun fyrir Norðurfjarðarhöfn.
- 4.Mál frá Thomasi í búðinni. Hvað gera skal við stóra frystinn.
- 5.Ársreikningingarnir vegna ársins 2020, mál lagt fram til kynningar..
- 6.Síðasta fundargerð, fjarfundur 23.febrúar, fara yfir og undirrita í fundargerðarbók.
- 7.Sótt um í fjarskiptasjóð vegna ljósleiðaralagningar um sveitarfélagið.
- 8.“Bréf til þeirra sem málið varða”, v. Lagt fram til kynningar/breytinga og ákvörðunar um sendingu.
- 9.Sameiningar sveitarfélaga, skoða hvað er í boði verði sameining ákveðin. Á hinn bóginn fámenn sveiarfélög með sín eigin samtök. Skoða hvað er í boði ef sveitarfélög vilja sameinast. Glærur varðandi sameiningarmál voru sendar hreppsnefnd 26. febrúar, vinsaml. skoðist fyrir fund. Meðfylgjandi gögn sem send voru þingnefnd og fleirum varðandi afstöðu fámennari sveitarfélaga.

1.Finnbogastaðaskóli, hreppsnefnd lýsti yfir ánægju sinni með verkið og ákvað að kaupa og fá settar upp nýjar rúllugardínur, kaup þakrennur og niðurföll á skólaíbuðina og spá í hverjir möguleikar eru til nýtingar á bílskúrnum við skólann.

2. Tölvupóstur varðandi sauðnaut. Hreppsnefnd taldi ekki grundvöll til þess að skoða máli frekar.

3. Umhverfisstofnun, ósk um skýrslu v.neyðaráætlun fyrir Norðurfjarðarhöfn. Oddviti þarf að ganga í það mál sem fyrst.

4. Mál frá Thomasi í búðinni varðand stóra frystinn sem ekkert er notaður. Ákveðið var að taka hann niður og skoða hvort hugsanlega er hægt að selja hann.

5. Ársreikningar v. ársins 2020, oddviti kynnti þá hugmynd að taka þá til umfjöllunar á fundum í apríl í stað maí og var það samþykkt.

6. Fjarfundur fundar 23.febrúar s.l. yfirfarinn og undirritun hans í fundargerðarbók bíður næsta fundar þar sem þessi er einnig fjarfundur.

7. Sótt um í fjarskiptasjóð vegna ljósleiðaravæðingar um sveitarf. Oddviti kynnti málið fyrir hreppsnefnum.

8. “Bréf til þeirra sem málið varðar” var lagt fram til kynningar. Ákveðið var að senda það aðilum sem hafa með ljósleiðara/þrífösun og önnur fjarskipti að gera.

9. Sameiningar sveitarfélaga eða samvinna við fámenn sveitarfélög. Oddviti upplýsti um þá möguleika sem eru í stöðunni og sagði frá fundum sem hún hefur tekið þátt í. Glærur frá fundum og erindi sent til þingnefndar einni kynnt. Ákveðið var að bíða átekta, ekki er enn útséð með bætтар samgöngu og því ekki tímabært að velta fyrir sér sameiningum þar sem ekki er akfært á milli svæða.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.